


Djúpslóð á Reykjaneshrygg
Könnunarleiðangrar 1993 og 1997

**Deep Water Area of the
Reykjanes Ridge**
Research surveys in 1993 and 1997

Jakob Magnússon, Vilhelmina Vilhelmsdóttir
og Klara B. Jakobsdóttir



**Djúpslóð á Reykjaneshrygg
Könnunarleiðangrar 1993 og 1997**

Deep Water Area of the Reykjanes Ridge
Research surveys in 1993 and 1997

Jakob Magnússon, Vilhelmína Vilhelmsdóttir, Klara B. Jakobsdóttir

Janúar 1998

Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur Introduction	3
2. Leiðangrar The research cruises	4
2.1 B3/93 og S1/93 The surveys B3/93 and S1/93	4
2.1.1 Gögn Material	5
2.1.2 Niðurstöður Results	5
2.2 KA1/97 The survey KA1/97	6
2.2.1 Gögn Material	7
2.2.2 Niðurstöður Results	7
3. Upplýsingar um fisktegundir Information on fish species	8
3.1 Djúpkarfi <i>Sebastes mentella</i>	8
3.2 Grálúða <i>Reinhardtius hippoglossoides</i>	8
3.3 Blálanga <i>Molva dypterygia dypterygia</i>	9
3.4 Gullax <i>Argentina silus</i>	9
3.5 Búrfiskur <i>Hoplostethus atlanticus</i>	9
3.6 Langhalar	10
3.6.1 Slétti langhali <i>Coryphaenoides rupestris</i>	10
3.6.2 Snarphali <i>Macrourus berglax</i>	10
3.6.3 Langhalabróðir <i>Trachyrhynchus murrayi</i>	11
3.7 Stinglax <i>Aphanopus carbo</i>	11
3.8 Gjólnir <i>Alepocephalus bairdii</i>	11
3.9 Berhaus <i>Alepocephalus agassizii</i>	12
3.10 Bláriddari <i>Lepidion eques</i>	12
3.11 Fjólumóri <i>Antimora rostrata</i>	12
3.12 Háfar	12
3.12.1 Svartháfur <i>Centroscyllium fabricii</i>	12
3.12.2 Dökkháfur <i>Etmopterus princeps</i>	13
3.12.3 Þorsteinsháfur <i>Centroscymnus crepidater</i>	13
3.12.4 Flatnefur <i>Deania calceus</i>	13
3.12.5 Gljáháfur <i>Centroscymnus coelolepis</i>	13
3.12.6 Jensensháfur <i>Galeus murinus</i>	14
3.12.7 Gíslaháfur <i>Apristurus laurussonii</i>	14
4. Almenn umfjöllun General discussion	15
5. English summary	17
Töflur Tables	18
Myndir Figures	19 - 40
Viðauki Appendix	41 - 50

1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur áhugi á djúpslóð aukist mikið, ekki aðeins á Íslandi, heldur hjá flestum fiskveiðipjóðum í þessum heimshluta.

Á Íslandi voru um tíma uppi hugmyndir um að virkja togaraflotann til rannsókna á djúpslóð, en þær hugmyndir þóttu ekki vænlegar þegar til átti að taka.

Með fjárhagsaðstoð frá Sjávarútvegsráðuneytinu réðst Hafrannsóknastofnunin í all umfangsmikinn leiðangur á tveim skipum til könnunar á djúpslóðinni á Reykjaneshrygg í mars árið 1993 (B3/93 og S1/93).

Árið 1997 var farið í leiðangur á Reykjaneshrygg í júní-júlí (KA1/97). Þessi leiðangur var hluti af umfangsmikilli, alþjóðlegri djúpfiskarannsóknáætlun, sem Hafrannsóknastofnunin hefur tekið þátt í og er styrkt af Evrópubandalaginu (EB verkefni, FAIR-CT 95-655).

Bráðabirgðaskýrslur hafa verið skrifaðar um leiðangrana. Skýrslan um leiðangra B3/93 og S1/93 var kynnt skipstjórnar- og útgerðarmönnum á fundi og dreift af LÍÚ. Skýrslan um leiðangur KA1/97 var kynnt stuttlega í Fréttabréfi LÍÚ og birt í tímaritinu Ægi (1997, 11.tbl., bls. 28 til 31).

Leiðangrarnir bæði árin, 1993 og 1997 voru farnir sem skipulagðir djúpfiskaleiðangrar á Reykjaneshrygg, að mestu leyti utan hefbundinna veiðislóða og var umfangsmiklum gögnum safnað í þeim. Þykir því viðeigandi að koma á framfæri ítarlegri umfjöllun en viðhöfð var í bráðabirgðaskýrslunum.

Í leiðöngrunum miðaðist djúpslóð við 500 m dýpi og meira. Markmið leiðangrana var svipað bæði árin, en þó með nokkrum áherslumun. Leiðangrar B3/93 og S1/93 eru teknir saman. Meginmarkmið í leiðöngrunum árið 1993 voru að:

1. Kanna svæðið m.t.t. möguleika á veiðum með botnvörpu
2. Kanna fiskgengd og veiðanleika
3. Kanna tegundasamsetningu
4. Afla líffræðilegra gagna.

Í leiðangri KA1/97 voru megin markmiðin að:

1. Kanna tegundasamsetningu
2. Kanna útbreiðslu tegundanna
3. Kanna magn einstakra tegunda
4. Afla líffræðilegra gagna um fisktegundir á djúpsævi.

Leiðangrarnir eru ekki að öllu leyti sambærilegir. Þeir voru farnir með löngu millibili, á mismunandi árstíma og yfirferðarsvæðin skarast lítið, enda var leiðangurinn árið 1997 hugsaður sem nokkurs konar framhald af leiðöngrunum árið 1993. Niðurstöður og umfjöllun um leiðangrana eru aðgreindar, en í kaflanum sem fjallar um einstakar tegundir eru upplýsingar úr báðum leiðöngrunum hafðar saman og jafnvel teknar saman í sumum tilvikum, einkum í lengdar/þyngdarsamböndum.

Af þeim 112 tegundum sem veiddust eru 20 teknar til nánari umfjöllunar. Valinu réðu einkum tíðni tegundanna og/eða nýtanleiki. Í umfjöllun um einstakar tegundir eru fyrst teknir beinfiskar og síðan háfiskar.

Í Viðauka I og II eru upplýsingar um einstakar stöðvar og mynd 1 sýnir togstöðvar bæði árin á korti.

2. Leiðangrar

Skipin í leiðöngrum árið 1993 voru rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson RE 30, byggður í Þýskalandi árið 1970, 777 brl. með 3x600 hö MAN vél (leiðangur B3/93) og frystitogarinn Sjóli HF 1, byggður í Noregi árið 1987, 883 brl með 2991 hö Wärtsilä vél (leiðangur S1/93). veiðarfæri á r/s Bjarna Sæmundssyni voru Mars-botnvarpa og 16 x 16 fm loðnuflotvarpa en á b/v Sjóla Alfredo botnvarpa og minni gerð af Gloriu-flottrolli. Tæki um borð í r/s Bjarna Sæmundssyni voru Simrad 500 samstæða, Furuno 24 kHz dýpismælir, Scanmar dýpisnemi og Kaijo Denki þráðlaus höfuðlínúmælir. Í b/v Sjóla voru notaðir Atlas 782 33 kHz og Furuno 28 kHz dýptarmælir.

Fiskifræðingar á Hafrannsóknastofnuninni stjórnðu leiðöngrunum. Um borð í r/s Bjarna Sæmundssyni, Dr. Jakob Magnússon og Vilhelmína Vilhelmsdóttir og um borð í b/v Sjóla, Sólmundur Tr. Einarsson. Skipstjóri á r/s Bjarna Sæmundssyni var Guðbjartur Gunnarsson og á b/v Sjóla Guðmundur Kjalar Jónsson. Aðrir þátttakendur voru: Á b/v Sjóla Guðmundur Þórðarsson og á r/s Bjarna Sæmundssyni þeir Ásgeir Gunnarsson, Davíð Þ. Þórarinsson, Hörður Andrésson og Sigfús Jóhannesson.

Togarinn Kaldbakur EA 301 var leigður til leiðangursins árið 1997 byggður á Spáni árið 1974, 941 brl með 2x1420 hö MaK vél. Í leiðangrinum var notuð botnvarpa skipsins, svokallaður H-toppur, og hlerar nr. 9 frá J. Hinriksson h/f með 25 sm straumrauf. Dýptarmælir var Atlas-Fischfinder 782 með litskjá. Þá var og notaður Kaijo Denki höfuðlínúmælir og Scanmar hitanemi.

Skipstjóri í leiðangrinum var Sveinn Hjálmarsson. Leiðangurstjóri var Dr. Jakob Magnússon. Aðrir þátttakendur frá Hafrannsóknastofnuninni voru Klara B. Jakobsdóttir líffræðingur og rannsóknamennirnir Einar Ásgeirsson, Hrefna Einarsdóttir og Sigurður Gunnarsson.

Leiðangrar B3/93 og S1/93 eru teknir saman en leiðangur KA1/97 er hafður sér í allri meðhöndlun gagna.

2.1 B3/93 og S1/93

Leiðangurinn á r/s Bjarna Sæmundssyni hófst 6. mars 1993 og lauk 25. mars í Reykjavík. B/v Sjóli hóf leiðangurinn 9. mars og lauk honum 22. mars. Fyrstu tveir sólarhringarnir á r/s Bjarna Sæmundssyni fóru að mestu í prófun tækja og búnaðar. Veðurfar var með eindæmum óhagstætt mest allan tímann, stöðugt hvassviðri eða stormur. Af 20 dögum voru 5 sæmilega góðir en í heila viku var lítið hægt að aðhafast á r/s Bjarna Sæmundssyni vegna veðurs. B/v Sjóli gat hins vegar siglt meira um og skoðað botnlag, þrátt fyrir slæmt veður.

Könnuninni var í aðalatriðum hagað á þann hátt, að tekin voru fyrir ákveðin svæði í einu sem miðuðust einkum við tilkynningaskyldureiti. Upphaflega var ætlunin að taka a.m.k. tvö tog í hverjum fjórðungi tilkynningaskyldureits. Það reyndist þó ekki unnt nema að takmörkuðu leyti. Þá voru einnig önnur frávik frá þessu, eins og t.d. þegar b/v Sjóli fór í upphafi leiðangurs suður á Franshól og staðfesti orðróm um blálönguveiðar Frakka þar. Siglt var um hvert svæði í misjafnlega þéttum leiðarlínum, eftir atvikum. Víða á hryggnum og á öðrum svæðum þar sem gefnir voru til kynna hólar í sjókortum, var mikið snúist við hóla og tinda.

Kastað var víðast þar sem það þótti gerandi vegna botnlags og ef veður leyfði, þótt ekki sæust fisklóðningar. Var það gert til að ganga úr skugga um, hvort togandi væri á slíkum stöðum. Í yfirferðinni var merkt við ýmsa staði, sem hugsanlega væri hægt að toga á, þótt ekki hafi það verið unnt að þessu sinni vegna veðurs. Þessa staði þyrfti að athuga nánar og einnig með tilliti til lóðninga sem sums staðar mátti greina.

Auk botntoga voru tekin nokkur tog með flotvörpu til þess að reyna að ganga úr skugga um hvað væri í lóðningum, sem víða var að sjá uppi í sjó.

2.1.1 Gögn

Í leiðöngrunum árið 1993 (B3/93 og S1/93) voru alls teknar 49 stöðvar á Reykjaneshryggsvæðinu, frá um 60°50'N til 62°50'N (mynd 1). Átta tog voru tekin með flotvörpu og 41 tog með botnvörpu á dýptarbilinu frá 550 - 1550 m, flest (27) á 700 - 1100 m dýpi. Dýpisdreifing botnvörputoga er sýnd í töflu 1. Staðsetningar og dýpi var skráð á ýmsum stöðum, sem komu til greina sem staðir til að kasta á, þótt ekki væri unnt að anna því að þessu sinni vegna óhagstæðs veðurs (Viðauki III). Alls veiddust 94 fisktegundir í leiðangrinum (Tegundalisti Viðauki IV).

Líffræðilegum gögnum um fiska var safnað úr öllum togum. Fiskurinn var ákvarðaður til tegundar og síðan lengdarmældur, veginn, kyngreindur og kynþroskastig skráð þar sem því var við komið og í sumum tilvikum kvarnaður. Skráðar voru athugasemdir um fæðu o.fl. Alls voru 9796 fiskar af 90 tegundum lengdarmældir.

Í Viðauka V er yfirlit yfir gagnasöfnun. Ekki voru tök á að mæla botnhita að staðaldri þar sem langdrægni hitanema var ekki nægjanleg. Nokkrar mælingar voru þó framkvæmdar. Þannig var t.d. botnhiti á Franshól frá 4,8°(dýpst) til 5,5°C. Á 600 - 900 m dýpi var hitinn, þar sem hann var mældur á bilinu 5-6°C.

2.1.2 Niðurstöður

Á heildina litið voru aflabrögð rýr, ef undan er skilinn blálönguafli b/v Sjóla á Franshól og djúpkarfi t.d. á stöð B3/93 - 164.

En það sem einkum einkenndi aflabrögðin var mikill fjöldi tegunda. Alls fengust um 94 tegundir fiska í leiðangrinum (Viðauki IV). Auk **blálöngu** og **djúpkarfa** er hér sérstaklega bent á tegundir eins og **stinglax** sem fékkst víða, einkum þó á tveim stöðvum (B3/93 -179 og S1/93 -15) þar sem fjöldi þeirra var áberandi mestur. Blálöngu var víða vart en hvergi að neinu

marki nema á Franshól. **Gjólnir** fékkst einnig víða. **Slétti langhali** var mjög útbreiddur á yfirferðarsvæðinu. Hann var þó að mestu smár en tiltölulega lítið um vænan langhala. Lítið fékkst af **búrfiski** í leiðangrinum. Fáein stykki fengust þó, svo ekki er útilokað, að hann kunni að vera í ríkara mæli einhvers staðar á svæðinu. Verulegur hluti aflans var víða ýmsir **háfiskar**. Mest var um **svartháf**, **dökkháf** og **Þorsteinsháf**, en **flatnefur** og **gljáháfur**, sem er allstór og bústinn háfur miðað við hina, varð einnig vart. Ýmissa annarra tegunda varð vart sem vert er að veita eftirtekt, svo sem **gulllax** og **bláriddara**, en meira hefur fengist af þessum tegundum í landgrunnshallanum. Í töflu 2 er sýndur afli helstu tegunda eftir dýpi. Aflasamsetningin er sýnd í mynd 2. Athyglisvert var að á Franshól fékkst hrygnandi lúða. Ekki síður athyglisvert var að þar veiddust einnig nokkrir **hákarlar** en sá fiskur hefur hingað til einkum verið talinn velja sér norðlægari slóðir. Eftirtektarvert er, að blálangan sem þarna fékkst var að langmestu leyti hængar með fullþroskuð svil eða rennandi.

Flotvörputilraunirnar gáfu aðeins vott af djúpkarfa (700-800 m.). Áberandi lóðningar á 400-600 m dýpi gáfu til kynna að þær væru m.a. af mergð smárra úthafs- og djúpfiska. Sums staðar á hryggnum var töluvert um lóðningar laust við botn yfir slæmum botni. Við ríkjandi aðstæður var ekki unnt að kanna þetta nánar með flotvörpu

2.2 KA1/97

Leiðangur KA1/97 hófst í Reykjavík 25. júní og lauk í Hafnarfirði 10. júlí 1997. Veðurfar var hagstætt allan tímann og urðu engar tafir vegna veðurs. Könnunin var í aðalatriðum skipulögð og framkvæmd sem einskonar framhald af leiðangrinum, sem farinn var í mars árið 1993. Á fáeinum stöðum var togað á sama stað og þá og athugaðir nokkrir staðir, sem þóttu líklegir í leiðangrinum í mars árið 1993, en ekki var hægt að reyna þá. Annars var þessi leiðangur að mestu leyti utan þess svæðis sem kannað var árið 1993.

Farið var yfir svæði sem var um 450 sjm langt SV-eftir Reykjaneshrygg. Þetta svæði var á 100 sjm kafla frá lögsögumörkum 70-90 sjm breitt en mjórri (um 30-70 sjm breitt) áfram til suðvesturs. Yfirferðin þakti nálægt 20 000 sjm². Könnuninni var í aðalatriðum hagað á þann hátt, að reynt var að dreifa togum, þannig að ákveðinn fjöldi toga væri tekinn innan afmarkaðs svæðis (tilkynningaskyldureitir). Tókst það að miklu leyti.

Botnlag á Reykjaneshrygg er ákaflega erfitt til togs og óhjákvæmilega fór nokkur tími í að leita staða þar sem hægt var að toga. Það var ótæpilega reynt að kasta, og mikið var um festur. Í þessum leiðangri var ekki frekar en í leiðangrinum árið 1993 unnt að fara eftir því, hvort endurvörp frá fiski væri að sjá, heldur réð botnlag því, hvar troll var sett niður. Reyndar sást lítið af endurvörpum sem talist gætu frá fiski. Helst var að finna toganleg svæði milli tinda og/eða fjalla og við rætur þeirra. Erfiðlega gékk að toga að gagni á tindunum eða utan í þeim, en það var þó reynt eftir mætti. Oft var híft úr festum, og stundum festist um leið og varpan kom í botn.

2.2.1 Gögn

Alls voru teknar 56 stöðvar á og við Reykjaneshrygg, frá 56°35'N til 63°05'N á dýpisbilinu 650 - 1750 m. Þar af voru fjögur tog án nokkurs afla. Grynnt var togað í leiðangrinum á rúmlega 600 m dýpi en dýpst á rúmlega 1700 m. Um helmingur toganna var á 1200 - 1600 m dýpi (Viðauki II og mynd 1). Dýptardreifing toga er sýnd í töflu 3.

Fiskafli úr öllum togum var greindur til tegundar. Fiskurinn var mældur, vigtaður, kyngreindur, kynþroskastig ákvarðað þar sem því var við komið, sumt kvarnað og fæða athuguð hjá nokkrum tegundum. Alls voru mældir 8616 fiskar af 80 tegundum. Yfirlit yfir gagnasöfnun í leiðangrinum er að finna í Viðauka VI.

Í þessum leiðangri var hitastig sjávar við botn mælt í hverju togi með Scanmar hitanema sem festur var á höfuðlinu vörpunnar. Hitastig eftir dýpi á yfirferðarsvæðinu er sýnt á mynd 4.

2.2.2 Niðurstöður

Það sem einkenndi aflann öðru fremur var mikill tegundafjöldi, en alls fengust 80 tegundir í leiðangrinum (Viðauki IV). Á heildina lítið voru aflabrögð rýr, að undanteknu einu **búrfisk** hali (stöð 52). Mjög erfiður botn var þar sem hann fékkst. Alls voru reynd 5 tog á svæðinu á 780-915 m dýpi. Í fjórum toganna var fast eftir skamma stund eða um leið og varpan kom í botn. Eitt 18 mínútna tog náðist sem gaf 5,3 tonn af búrfiski. Í tveim hinna toganna varð einnig vart við búrfisk. Búrfiskurinn var að mestu stór, kynþroska fiskur. Mest einkennandi fyrir aflann í leiðangrinum var **slétti langhali**, sem fékkst í flestum togum og oftast var mest af honum. Meirihluti slétta langhalans var heldur smár. **Blálanga** fékkst aðeins á 8 stöðum. **Grálúðu** varð vart all víða allt suður á 58° 48' N (st. 31). Þetta var að mestu kynþroska fiskur og meðallengdin um 80 sm. **Djúpkarfi** fékkst annað slagið, mest 700 kg á stöð 48, en hans varð vart allt suður á 57°12'N (st. 32). Bæði **gjölnir** og **berhaus** voru algengir í afla. Það var hins vegar meira um berhaus en minna um gjölni eftir því sem kom lengra út á hrygginn. Ýmissa annara tegunda, sem áhugaverðar eru m.t.t. nýtingar, varð vart en mjög lítið fékkst af þeim. Þar mætti nefna tegundir eins og **stinglax**, **fjólumóra** og **snarphala**. All margar háfategundir fengust í leiðangrinum, en í litlu magni. Helstu tegundirnar voru **dökkháfur**, **svartháfur**, **jensensháfur**, **gíslaháfur** og **gljáháfur**. Magn helstu tegunda er sýnt í töflu 3 og hlutdeild helstu tegunda eða tegundaflokka í afla á mynd 3.

Athuganir á fæðu

Magar voru athugaðir hjá nokkrum tegundum (tafla 4). Sameiginlegt með þeim öllum var, að langmest var um tóma og úthverfa maga og innihald all margra var ókennilegt. Upplýsingar um fæðu djúpfiskanna voru því takmarkaðar. Hjá beinfiskum var innihaldið einkum krabbadýr svo sem ljósáta og rækja, en smokkfiskur og fiskur fannst einnig hjá þeim. Hjá háfiskunum var

hins vegar mest um fiskleifar og smokkfisk. Einnig varð vart við krabbadýr, einkum rækjutegundir.

Hitastig sjávar

Ekki voru miklar sveiflur á hitastigi sjávar við botn á yfirferðarsvæðinu í KA1/97 leiðangri (mynd 4). Á grynstu stöðinni var hlýjast, rúmar 6°C. Annars var hitinn yfirleitt 5°-6°C á togum sem tekin voru grynna en 1000 m. Um 1000 m kólnaði lítillega og var síðan nokkuð jafn í kringum 4°C eftir að komið var niður á 1300 m dýpi.

3. Upplýsingar um fisktegundir

Í myndum nr. 5 til 24 eru gefnar upplýsingar um útbreiðslu, dýpi, lengdardreifingu, lengdar/þyngdarsamband og kynþroska 20 fisktegunda sem veiddust í leiðöngum B3/93 og S1/93 annars vegar og KA1/97 hins vegar. Ennfremur eru stuttar umfjallanir um þessar tegundir hér á eftir.

Athygli skal vakin á því,

1) að munur er á lengdarmælingum tegundanna. Ef ekki er annað tekið fram er um heildarlengdir að ræða. Aðrar lengdarmælingar sem hér eru notaðar eru SL (standard lengd) sem er lengd frá snjaldri að enda stirtlu, og PAFL (pre anal fin lengd), sem er lengd frá snjaldri að gotraufarugga.

2) að kynþroskagreining háfanna er samkvæmt nýlegri samþykkt EB-FAIR-verkefnisins (Viðauki VII).

3.1 Djúpkarfi *Sebastes mentella* (mynd 5, a til f)

Allar karfategundirnar fengust bæði árin. Þar sem aðeins veiddust örfá stykki af gullkarfa og litla karfa, verður því hér aðeins fjallað um djúpkarfa, sem mest var af.

Djúpkarfi fékkst á flestum stöðvum allt suður á 60°N. Þar fyrir sunnan fékkst hann sjaldnar, syðst á 57°12'N. Hann veiddist allt frá ca 550 m dýpi niður á ca 1700 m, sem er athyglisvert, en tíðast fékkst hann á 600-900 m dýpi. Hængar voru aðeins fleiri en hrygnur bæði árin, eða um 54% árið 1993 og 55% árið 1997. Kynþroskastig voru í samræmi við það sem vænta mátti bæði árin, þ.e. got rétt að byrja í mars og hængar að verða fullþroska í júní-júlí.

3.2 Grálúða *Reinhardtius hippoglossoides* (mynd 6, a til e)

Árið 1993 fengust aðeins fáeinir grálúður ofarlega á hryggnum, þrír fiskar í þrem togum. Árið 1997 veiddist hún á allmörgum stöðum, einkum í vesturhallanum allt suður á 58°48' N. Athyglisvert er hve langt grálúðu varð vart suður eftir hryggnum og mun það vera það syðsta, sem hún hefur fundist við Ísland. Hún veiddist grynnt á 700 m dýpi en varð oftast vart á 1400-1600 m dýpi. Meirihluti grálúðunnar reyndist vera hrygnur (60 %) og langstærsti hluti

hennar kynþroska. Einnig reyndist meðalþyngd hrygna vera meiri (hrygnur 4,8 kg, hængar 2,1 kg).

Fáar grálúður í mars leiðangrinum 1993 mætti e.t.v. skýra með því, að hún sé gengin af hryggnum til hrygningar, en meiri fjöldi hennar í júní-júlí 1997 gæti bent til þess, að hún fari í ætisgöngu á Reykjaneshrygg (samanber veiðar línubáta á svipuðum árstíma). Grálúðan sem veiddist árið 1997 var mest á kynþroskastigum IV og II sem bendir einnig til þess að fiskurinn sé nýhrygndur. Þótt einnig hafi orðið vart hrygnandi grálúðu, þá var það í svo litlum mæli að nærtakara er að ætla að um síðbúna hrygningu einstaklinga sé að ræða, frekar en að veruleg hrygning eigi sér stað á þessu svæði að sumarlagi.

3.3 Blálanga *Molva dypterygia dypterygia* (mynd 7, a til f)

Blálanga veiddist aðallega innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögu, syðst á 60°N. Mest varð vart við hana á 800-1000 m dýpi bæði árin, en hún fékkst einnig grynnra (600 m) og dýpra (1400 m). Hrygnandi blálanga fékkst einkum á 800-900 m dýpi bæði árin. Mun meira veiddist af blálöngu í mars árið 1993 en í júní-júlí árið 1997, ekki aðeins á Franshól sem er þekkt blálönguslóð heldur á öðrum stöðum einnig. Það ásamt kynþroskadreifingunni í mars bendir til, að meira sé um hana á Reykjaneshrygg þegar hún er í hrygningarástandi en að sumarlagi. Það kom því nokkuð á óvart, að verulegur hluti blálöngunnar í júní-júlí reyndist hrygnandi. Þetta gæti bent til þess, að hrygningartími blálöngunnar, sem er einkum í mars, sé ekki eins ákveðið afmarkaður og hingað til hefur verið álitid.

Meira veiddist af hængum en hryggnum, eða 79,2% árið 1993 og 63,4% árið 1997. Greining á kynþroskastigum bendir til þess, að hængar verði heldur fyrr kynþroska en hrygnur.

3.4 Gulllax *Argentina silus* (mynd 8, a til f)

Gulllax veiddist aðeins norðarlega á Reykjaneshrygg, syðst um 60°N, á 600-900 m dýpi, mest á 800-900 m. Mun meira veiddist af gulllaxi í mars (1993) en í júní-júlí árið 1997, en skýring á því er ekki ljós. Hins vegar er töluvert um hrygnandi fisk bæði í mars og júní-júlí, sem styður þá skoðun, að gulllax hrygni að einhverju leyti allt árið. Hrygnurnar voru fleiri en hængar bæði árin: 72 % árið 1993 og 68 % árið 1997.

3.5 Búrfiskur *Hoplostethus atlanticus* (mynd 9, a til e)

Búrfiskur fékkst nokkrum sinnum í leiðöngrunum bæði í B3/S1-93 og KA1/97. Þetta voru einstakir eða örfáir fiskar í flest skiptin en á einum stað í KA1/97 leiðangrinum fékkst dágóður afli á um 62°50'N, 26°15'V. Flestir staðirnir voru norðarlega á hryggnum og við hann, innan íslensku lögsögunnar. Á einum stað utan hennar fékkst búrfiskur (fjögur stykki) langleiðina suður undir 58°N. Búrfiskurinn veiddist helst á 800-900 m dýpi en varð einnig vart niður á rúmlega 1500 m dýpi.

Í mars árið 1993 fengust 10 stykki flest nýlega hrygndar hrygnur og ein komin að hrygningu og einn hængur á II stigi. Í júní-júlí árið 1997 var yfirgnæfandi

meirihluti hængar (70%) og voru bæði hængar og hrygnur mest á kynþroskastigi II en örfáir nýlega hryndir. Þetta bendir til þess, að hrygning hafi að mestu leyti farið fram fyrir all löngu, þ.e. að vetrarlagi.

3.6 Langhalar *Macrouridae* (myndir 10 til 12)

3.6.1 Slétti langhali *Coryphaenoides rupestris* (mynd 10, a til f)

Slétti langhali var algengasti fiskurinn hvað útbreiðslu varðar bæði árin. Algengastur var hann þó á 800-1000 m og 1200-1600 m dýpi. Bæði árin var mikið um smælki en þó voru meðallengdir minni árið 1997 en árið 1993. Lengdardreifingin er einnig áberandi meiri 1993 með tveimur toppum, þ.e. 7-8 sm og 11-14 sm, breytilegt eftir kyni. Árið 1997 er einn afgerandi toppur 12-13 sm en einnig smávægilega breytilegur eftir kyni. Eins og vitað er verður langhali smærri eftir því sem dýpra dregur og þar sem að jafnaði var togað dýpra í leiðangrinum árið 1997 gæti minni meðallengd árið 1997 og meiri lengdardreifing 1993 verið af þeim völdum.

Kynjahlutfall virtist vera nokkuð jafnt árið 1993 (hrygnur 53%) en árið 1997 reyndust hrygnur vera ívið færri en hængar (hrygnur 44%). Eins og ætla má af stærð fisksins þá reyndist mikill hluti aflans vera ókynþroska bæði árin. Flestir kynþroska fiskanna greindust á II og IV stigi bæði árin, en mjög fáir á stigi III, enda veiðist hrygnandi langhali sáralítið í botnvörpu, þar sem hann virðist leita frá botni til hrygningar. Þetta bendir til hrygningar bæði í mars árið 1993 og júní/júlí árið 1997 og er í samræmi við það sem talið er, að langhalinn hrygni allt árið um kring.

Fæðuathuganir voru gerðar á um 170 fiskum. Aðeins tæp 14 % voru með fæðu í maga en hinir voru annað hvort tómir eða úthverfir. Af þekktanlegum fæðugerðum var mest um ýmis konar krabbadýr, en smokkfiskur og fiskeifar komu einnig fyrir.

3.6.2 Snarphali *Macrourus berglax* (mynd 11, a til e)

Snarphali fékkst í allmörgum togum, einkum árið 1997, en voru ætíð fáir í hali. Athyglisvert er hve útbreiðsla á snarphala náði langt til suðurs, en hann fékkst m.a. á syðstu togstöðinni. Hann hefur ekki áður verið skráður svona sunnarlega á Reykjaneshrygg. Til skamms tíma hefur verið litið á hann sem kaldsjávarfisk með norðlægrri útbreiðslu. Einnig veiddist hann á miklu dýpisbili, allt frá um 600 m að 1700 m. Það er einnig dýpra en fyrri athuganir á Íslandsmiðum hafa gefið til kynna. Þar sem mest hefur verið um hann (Dohrnbanki-Víkuráll) hefur hann einkum fengist á 700-800 m dýpi. Hér var mest um hann dýpra en 1200 m. Árið 1993 veiddust aðeins 14 stykki og reyndust allir kyngreindir fiskar vera hrygnur. Hrygnur voru einnig í meirihluta árið 1997 (64%).

Þekkt aðalhrygningarsvæði snarphala er á Dohrnbanka-Víkurálssvæðinu og á hún sér einkum stað í febrúar til maí, en fiskur í hrygningarástandi hefur einnig fundist í september. Í leiðangrinum KA1/97 fékkst lítilsháttar af hrygnandi snarphala og mikill hluti hans var á stigum II og IV sem bendir til hrygningar á

Þessum slóðum í júní-júlí. Þar sem hann hefur einnig fundist hrygnandi við Ísland í september, gæti það bent til þess, að einhver hrygning eigi sér stað allt árið svipað og hjá slétta langhala.

3.6.3 Langhalabróðir *Trachyrhynchus murrayi* (mynd 12, a til f)

Langhalabróðir veiddist meira og minna um allt yfirferðasvæðið og var dreifingin svipuð bæði árin. Þetta er ein þeirra tegunda sem algeng er á djúpslóðum SV-lands en lítið hefur verið á sem sjáldséða tegund til skamms tíma. Lítið er því vitað um lífshætti hans hér við land.

Mun meira fékkst af honum í KA1/97 en í leiðöngrunum árið 1993 og var tiltölulega meira um stóran fisk árið 1997, sem kann að vera vegna þess að þá var togað nokkuð á meira dýpi en árið 1993. Hann fékkst á breiðu dýpisbili, allt frá 600 - 1700 m dýpi. Mest var þó um hann dýpra en 1200 m. Bæði árin voru hrygnur í meirihluta (60% árið 1993 og 68% árið 1997) og voru hrygnur stærri en hængar. Kynþroskagreining sýnir að í mars var fiskurinn annað hvort ókynþroska eða á stigi II, en hins vegar virðist hann hrygna að sumarlagi, þar sem verulegur hluti hans í júní-júlí var á stigi II eða IV.

3.7 Stinglax *Aphanopus carbo* (mynd 13, a til f)

Stinglax fékkst eingöngu norðan 60°N á 700-1300 m dýpi, einkum á 800-1000 m dýpi. Afli var rýr bæði árin. Hrygnur fleiri en hængar: 56% árið 1993 og 61% árið 1997. Lítið er vitað um hrygningu stinglaxs á þessu svæði, en kynþroska greining frá því í mars árið 1993 sýnir, að meiri hlutinn af kynþroska fiski er á stig IV, þ.e. nýhrygndur. Þar sem einnig fékkst hrygnandi fiskur er líklegt að hann hrygni á Reykjaneshrygg svæðinu. Í júní-júlí árið 1997 kemur nokkuð á óvart, hve mikill hluti er ókynþroska, og allmikið á stigi IV ennþá. Þessar athuganir gætu bent til þess að gottími stinglax á svæðinu væri frá miðjum vetri (janúar-febrúar) fram á vorið.

3.8 Gjöltnir *Alepocephalus bairdii* (mynd 14, a til f)

Útbreiðsla gjölnis var einkum norðan 60°N og fékkst hann aðeins á einni stöð sunnar. Hann veiddist meira og minna á öllu dýpisbilinu frá tæplega 800 m til rúmlega 1600 m. Lengdardreifing kynjanna er svipuð bæði árin en lengdardreifingin í mars árið 1993 er nokkuð frábrugðin dreifingunni í júní-júlí árið 1997. Athyglisvert er, að toppur í lengdardreifingunni árið 1997 fellur saman við lægð milli tveggja toppa árið 1993. Hér gæti verið um dýpisval að ræða. En þessi tilfærsla í lengdartoppum á árunum 1993 og 1997 gæti einnig verið vegna breytinga í árgangaskipan, því 4 ár eru milli athugananna og vaxtahraði er ekki þekktur. Svo virðist sem hrygning sé í gangi bæði í mars (1993) og örugglega í júní-júlí (1997).

3.9 *Berhaus Alepocephalus agassizii* (mynd 15, a til e)

Berhaus veiddist nær eingöngu í KA1/97 leiðangri. Berhaus og gjölnir eru náskyldar tegundir. Úbreiðsla þeirra er þó nokkuð frábrugðin, en skarast samt. Berhaus hefur mun meiri útbreiðslu suðureftir hryggnum en gjölnir, enda fer tíðni berhauss vaxandi með auknu dýpi og var mest um hann á 1400-1700 m dýpi.

Hængar voru fleiri (59%) en hrygnur en stærð kynjanna svipuð. Samkvæmt kynþroskagreiningu var verulegur hluti fisksins nálægt hrygningu eða hrygnandi í júní-júlí árið 1997 eins og gjölnir.

3.10 *Bláriddari Lepidion eques* (mynd 16, a til f)

Bláriddari fékkst einkum á nyrðri hluta Reykjaneshryggsins. Hann veiddist aðeins á tveim stöðum sunnan 60°N, syðst á 57°N. Meira var um hann árið 1993 en árið 1997. Annars veiddist mun minna af honum bæði árin en oft hefur fengist í landgrunnsköntunum.

Lang oftast fékkst hann á 800-1000 m dýpi, en dýpst á tæpum 1500 m. Hængar voru heldur fleiri og stærri en hrygnur og mikið var um ókynþroska fisk bæði árin.

Samkvæmt kynþroskagreiningu er hrygning hafin í mars og virðist að mestu um garð gengin í júní-júlí.

3.11 *Fjólumóri Antimora rostrata* (mynd 17, a til f)

Útbreiðsla fjólumóra spannaði yfirferðasvæðið að mestu leyti og fékkst m.a. á syðstu stöðunni (ca 56°30'N). Þótt hann hafi veiðst á um 900-1750 m dýpi var mest um hann á 1300-1700 m dýpi, enda veiddist meira af honum árið 1997 þegar meira var um mjög djúp tog. Hængar voru minni en hrygnur. Samkvæmt kynþroskastigum virðist hrygning um garð gengin í júní-júlí (1997) en engin gögn um kynþroska voru til frá mars árið 1993. Hins vegar bendir lengdardreifingin til þess, að ekki hafi náðst til gotstofnsins að neinu ráði í mars árið 1993.

3.12 *Háfar Pleurotremata* (myndir 18 til 24)

3.12.1 *Svartháfur Centroscyllium fabricii* (mynd 18, a til f)

Svartháfur er með algengari fiskum á svæðinu en fékkst þó ekki fyrir sunnan 59°N. Meira veiddist af honum í leiðöngrunum árið 1993 en í leiðangrunum árið 1997, þ.e. minna var um hann eftir því sem lengra kom út á hrygginn. En hann fékkst á öllu dýpi, frá um 600 m til 1700 m, en þó mest á 800-1000 m. Athyglisvert er, að í mars árið 1993 voru hængar mun fleiri (64%) og stærri en hrygnur en því var öfugt farið í júní-júlí árið 1997: þá voru hrygnur fleiri (64%).

Lengdardreifingin var einnig nokkuð frábrugðin hjá kynjunum og milli ára, þannig að í mars árið 1993 er einn toppur (60-70 cm) og tiltölulega lítið um

smærri fisk. Í júní-júlí árið 1997 er einnig toppur á þessu lengdarbili, en annar á 42-44 cm lengdarbilinu. Orsakir þessa gætu verið dýpismunurinn eða önnur árgangaskipun, yngri árgangar væru að koma inn í stofninn.

Samkvæmt kynþroskagreiningu árið 1997 er yfirgnæfandi meirihluti ókynþroska eða á fyrstu þroskastigum. Samt eru fáeinir fiskar á öðrum þroskastigum þar á meðal gjótandi, sem bendir til lítt tímabundins gots.

3.12.2 Dökkháfur *Etmopterus princeps* (mynd 19,a til f)

Dökkháfur veiddist bæði árin meira og minna á öllu yfirferðarsvæðinu á rúmlega 600 til tæplega 1700 m dýpi, einkum á 800 til 1200 m dýpi. Hrygnur voru fleiri bæði árin (63%) og stærri en hængar. Samkvæmt kynþroskagreiningu í júní-júlí árið 1997 voru um 60 % ókynþroska bæði hjá hængum og hrygnum. Annars voru fiskar af báðum kynjum á öllum þroskastigum þar á meðal gjótandi. Slík dreifing bendir til þess að got sé ekki sterkt bundið ákveðnum tíma.

3.12.3 Þorsteinsháfur *Centroscymnus crepidater* (mynd 20, a til d)

Þorsteinsháfur veiddist á tiltölulega fáum stöðvum, einkum norðarlega á hryggnum, syðst á 60°N á 600 - 1500 m dýpi, en einkum á 800-1000 m dýpi. Aðeins örfáir fiskar (18 stykki) fengust árið 1997. Lengdardreifingin er athyglisverð með tveim aðskildum toppum fyrir kynin, næstum án skörunar. Í mars árið 1993 voru hængar í miklum meirihluta (68%) en hrygnur voru stærri. Í júní-júlí árið 1997 veiddust aðeins hrygnur, flestar ókynþroska.

3.12.4 Flatnefur *Deania calceus* (mynd 21, a til d)

Flatnefur veiddist aðeins nyrst á hryggnum, einkum á 600-900 m en dýpst á um 1350 m dýpi. Aðeins fáeinir fiskar (18 stykki) fengust í leiðangrinum árið 1997 en all margvir (159 stykki) í mars árið 1993. Hrygnur voru mun fleiri (61%) en hængar og þær voru líka stærri. Fáeinir fiskar sem voru kynþroskagreindir í mars árið 1993 voru allir á stigi II, bæði hængar og hrygnur. Þeir fáu fiskar sem fengust árið 1997 voru nær eingöngu hrygnur, sem voru ókynþroska eða nýbúnað að gjóta.

3.12.5 Gljáháfur *Centroscymnus coelolepis* (mynd 22, a til d)

Gljáháfur veiddist bæði árin en einungis norðan 60°N frá rúmlega 600 m til 1650 m dýpi. Aðeins veiddust fáir fiskar hvort árið, einkum árið 1997 og hefur oft fengist meira af honum í landgrunnshallanum. Hrygnur voru í miklum meirihluta (76%) árið 1993 en það voru aðeins hængar sem veiddust árið 1997. Kynþroski örfárra fiska sem athugaðir voru í mars árið 1993 voru hrygnur komnar að goti og gjótandi.

Í júní-júlí árið 1997 var kynþroski 8 fiska athugaður, allt hrygnur, nýgotnar eða á fyrstu kynþroskastigum. Þetta gæti bent til þess, að gljáháfur hafi afmarkaðan gottíma.

3.12.6 Jensensháfur *Galeus murinus* (mynd 23, a til e)

Jensensháfur veiddist aðeins á þrem stöðum árið 1993, örfáir fiskar, en jafnt á nær öllu svæðinu árið 1997, á 800 til yfir 1700 m dýpi. Hrygnur voru miklu fleiri (62%) en hængar stærri. Mörg kynþroskastig af báðum kynjum, þar á meðal gjótandi hrygnur benda til lítt afmarkaðs gottíma.

3.12.7 Gíslaháfur *Apristurus laurussonii* (mynd 24, a til f)

Gíslaháfur veiddist vítt og breitt um allt rannsóknasvæðið bæði árin og fékkst bæði á nyrstu og syðstu stöðvunum. Hann var tíðastur á 800-1000 m dýpi en veiddist allt niður á 1700 m dýpi. Ekki var mikill munur á fjölda henga og hrygna í mars árið 1993 en í júní-júlí árið 1997 voru hængar miklu fleiri en hrygnur eða tæp 70%.

Kynþroskastig í júní-júlí árið 1997 gæti bent til þess að got væri ekki á mjög afmörkuðum tíma, því mörg þroskastig var að finna hjá hængum og hrygnum, þótt fáar væru, en fáeinar voru gjótandi.

4. Almenn umfjöllun

Þegar litið er á niðurstöður þessara beggja leiðangra í heild er ýmislegt athyglisvert, sem rétt er að minnst á.

Samanlagt fengust 112 tegundir bæði árin. All mikið er vitað um líffræði sumra tegundanna, einkum þeirra sem eru reglulega nýttar, svo sem grálúðu og djúpkarfa. Líffræði nokkurra annarra er minna þekkt, þótt ýmislegt sé um þær vitað svo sem blálöngu, slétta langhala og gulllax. En svo er fjöldi tegunda sem veiddust í þessum leiðöngrum þar sem vitneskjan var sáralítill eða engin fyrir hendi.

Minna var um ýmsar tegundir úti á hryggnum heldur en stundum hefur veiðst í landgrunnshöllunum þótt um svipað dýpi væri að ræða. Sem dæmi um slíkt mætti nefna gulllax og bláriddara og sumar háfategundir eins og t.d. svartháf. Aftur á móti voru aðrar tegundir svo sem berhaus tíðari í afla úti á hryggnum en í köntunum. Hjá sumum tegundum verða ekki dregin slík mörk, svo sem hjá slétta langhala, sem er mjög útbreiddur fiskur á djúpslóð.

Eins og við var að búast er útbreiðsla tegundanna eftir dýpi all frábrugðin. Margar lifa á mjög miklu dýpi jafnvel meira en 1000 m eins og slétti langhali, langhalabróðir og dökkháfur svo einhverjir séu nefndir, sem veiddust allir frá rúmlega 600 m dýpi niður á a.m.k. 1700 m dýpi. Augljóst er, að ekki náðist að toga niður fyrir neðri dýptarmörk útbreiðslu sumra tegunda eins og t.d. fjólumóra, slétta langhala og berhaus. En í flestum tilfellum var ákveðið dýptarsvið innan efri og neðri marka þar sem viðkomandi tegund veiddist oftast. Þetta dýptarsvið var misþröngt hjá hinum ýmsu tegundum. Sem dæmi um takmarkað dýptarsvið má nefna blálöngu, gulllax, flatnef og stinglax. Á heildina litið virtust grynri útbreiðslumörk vera meira afgerandi afmörkuð en þau dýpri. Þannig var t.d. ljóst, að gíslaháfur, jensensháfur og gjölnir fengust ekki grynna en á um 800 metrum í þessum leiðöngrum. Sumar tegundir með mikla útbreiðslu eftir dýpi virtust ekki tileinka sér afmarkað dýptarsvið innan útbreiðslunnar eins og t.d. gjölnir, langhalabróðir og jensensháfur.

Þar sem leiðangrarnir voru annars vegar farnir í mars árið 1993 og hins vegar í júní-júlí árið 1997 fæst nokkur samanburður milli árstíða, þ.e. seinni part vetrar og fyrrihluta sumars. Þroskastig ýmissa tegunda í mars annars vegar og júní-júlí hins vegar gætu bent til langs eða lítt afmarkaðs hrygningatímabils. Það gæti einnig bent til þess að hrygning ætti sér stað að einhverju leyti árið um kring. Það er þekkt fyrirbæri hjá djúpfiskum, bæði beinfiskum og háfiskum. Þá vaknar sú spurning, hvort þetta sé frekar regla en undantekning hjá djúpfiskum, ekki síst hjá háfiskum. Um það verður ekkert fullyrt út frá gögnum þessara leiðangra, en ýmislegt bendir þó til, að svo geti verið. Samkvæmt kynþroskagreiningum fer ekki á milli mála, að ýmsar tegundir eru að hrygna eða eru nálægt hrygningu í mars eins og t.d. blálanga og gjölnir. Aðrar virðast einkum hrygna að sumarlagi eins og t.d. berhaus og langhalabróðir. Enn aðrar eru að mestu búnar að hrygna í mars eins og t.d. búrfiskur. Ennfremur er greinilegt, að einhver hrygning fer fram bæði vetur og sumar hjá sumum tegundum. Vitað er, að gulllax og slétti langhali hrygna að einhverju leyti allt árið um kring. Þetta gæti einnig átt við ýmsa háfiska, en í raun er afar lítið vitað um líffræði sumra þeirra. Það fer t.d. ekki á milli mála að got fer fram hjá dökkháfi að sumarlagi. Dreifing kynþroska bendir ennfremur til þess að þessi tegund gjóti á löngum tíma, þar sem öll kynþroskastigin er að finna á sama tíma.

Hitt kemur kannski meira á óvart, að hrygning blálöngu virðist geta dregist töluvert fram á sumarið, en fram til þessa hefur verið álitid að hrygningartími hennar væri stuttur og vel afmarkaður.

Það er staðreynd að illa hefur gengið að ná til hrygnandi/gjótandi djúpfiska með botnvörpu og nægir þar að nefna slétta langhala sem dæmi. Þetta virðist vera raunin hjá mörgum öðrum djúpfiskum. Það var oftast ekki, að lítið fékkst af hrygnandi/gjótandi fiski þótt stig II og IV bentu til þess að hrygning stæði yfir. Það virðist vera mjög algengt meðal djúpfiska, að þeir leiti frá botni til að hrygna, þ.e. hrygni miðsævis.

Ýmislegt bendir til þess að vissar tegundir aðrar en þær sem nú þegar eru nýttar finnast í einhverju magni sem nýtanlegt mætti kallast, en ennþá liggur mjög lítil líffræðileg vitneskja fyrir um þær. Til dæmis er vaxtarhraði þeirra yfirleitt óþekktur, þar sem lestur kvarna er mjög erfiður á þessum fiskum og þar af leiðandi er erfitt að meta veiðipól með tilliti til hagnýtra veiða. Vistfræðirannsóknir líkt og fæðurannsóknir eru einnig erfiðar þegar togað er á miklu dýpi af því að þrýstingsmunurinn hefur líklega mikil áhrif á magástand veiddra fiska, en þeir reynast yfirleitt vera tómir eða úthverfir. Hins vegar hefur verið aflað mikilvægra líffræðilegra gagna í þessum leiðöngrum svo sem um útbreiðslu, lengdardreifingu, kynþroska og þyngd.

Veiðanleiki er líka takmarkaður af veiðitæknilegum ástæðum. Botnlag á Reykjaneshrygg er víða óhentugt fyrir botnvörpuveiðar eins og þær eru stundaðar í dag. Hins vegar er ekki vitað um annað veiðarfæri sem nær til fleiri tegunda. Hitt er svo annað mál, að aflinn sem fæst í það gefur ekki endilega rétta hugmynd um mergð ákveðinna tegunda. Ennfremur eru tegundir sem veiðast lítið í vörpu en vel í önnur veiðarfæri. En notkun annara veiðarfæra, svo sem línu, nær til tiltölulega fárra tegunda og hentar því síður til almennrar könnunar, en er hins vegar mjög áhugavert veiðarfæri á þessari slóð til nánari könnunar á vissum tegundum.

Þeir sem mest hafa fjallað um djúpfiska eru almennt þeirrar skoðunar að vöxtur sé hægur og viðkoma tiltölulega lítil hjá þeim. Með tilliti til þess hve þekking okkar á djúpfiskum er takmörkuð er varað við að hefja og stunda óheftar veiðar á slíkum stofnum. Það er bráðnauðsynlegt að vita meira um stofnana áður en stórtækar veiðar eru hafnar enda er sú stefna nú almennt viðurkennd að náttúran - þ.e. í þessu tilviki fiskstofnarnir - skulu njóta vafans, þegar til nýtingar kemur.

Þessir leiðangrar hafa eftir þekkingu okkar mikið á botnlagi, hitastigi og tegundafjölbreytni botnlægra fisktegunda á djúpslóð á Reykjaneshrygg. Mikilvægum upplýsingum hefur verið safnað en ljóst er að áframhaldandi rannsóknir á þessu hafsvæði sem og á öðrum djúpslóðum eru mjög nauðsynlegar og þarf að stórauka.

5. English summary

In this paper, details are given on deep water fish research surveys which were carried out in the Reykjanes Ridge area, in the years 1993 and 1997.

In March 1993, the survey was carried out on two vessels simultaneously, i.e. on the research vessel Bjarni Sæmundsson, 6 to 25 March (B3/93) and on the freezer trawler Sjóli HF 1, 6 to 22 March (S1/93). The survey in 1997 was carried out on the stern trawler Kaldbakur EA 301, from 25 June to 10 July (KA1/97). This survey was conducted in connection with and supported by the EU project, FAIR -CT 95-655.

The coverage in 1993 was less than anticipated because of extremely bad weather conditions. In 1997, the weather conditions were favourable all the time.

In 1993, the northernmost part of the area was covered while in 1997, the survey was extended further to the south with some overlapping of the surveyed area in 1993. In 1993 (B3/93 and S1/93), the depths from about 550 to 1550 m were covered and in 1997 (KA1/97), the depths ranged from about 650 to 1750 m.

